



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Starfsskýrsla 2001 til 2002

STARFSSKÝRSLA
2001-2002



Umsjón: Hrafn Magnússon

Hönnun og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf

Hönnun kápu: Hvíta húsið

Ljósmyndir: Anna Fjóra Gísladóttir (bls. 4), Jóhannes Long (bls. 6) og Gunnar Hannesson (bls. 5, 7, 10 og 13)

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp stjórnarformanns	4
Hlutverk Landssamtaka Lífeyrissjóða	5
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	6
Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða	7
Fulltrúaráð LL	7
Skýrsla fjármálaráðherra um þróun Lífeyrismála	8
Kynningarfundur með Efnahags- og viðskiptanefnd	8
Verklagsreglur um verðbréfaviðskipti	8
Upplýsingarit um Lífeyrismál	9
Skipting ellilífeyrisréttinda	9
Samkomulag um samskiptamál	10
Endurhæfingarmál	10
Könnun Lífeyrissjóðalána	11
Könnun á endurgreiðslum til útlendinga	11
Erlent samstarf	12
Önnur verkefni	12
Umsagnir um frumvörp	12
Leiðbeinandi verklagsreglur Landssamtaka Lífeyrissjóða um verðbréfaviðskipti	14
Aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða	16
Ársreikningur	17



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2001 var lífeyrissjóðunum á ýmsan hátt erfitt bæði á erlendum og innlendum verðbréfamörkuðum. Sem dæmi má nefna að Heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um 17,8% á liðnu ári og heildarvísitala aðallista VÞÍ um 9,4%. Árið 2001 var því annað árið í röð sem meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða var neikvæð.

Þó svo að meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða hafi orðið neikvæð í fyrra, þá stöndumst við fyllilega samanburð við önnur lönd. Þannig voru breskir lífeyrissjóðirnir með um 11,8% neikvæða raunávöxtun í fyrra, sem er verstí fjárfestingarárangur þeirra síðan 1990. Japönsku lífeyrissjóðirnir sýndu 6,8% neikvæða ávöxtun á síðasta ári og raunávöxtun lífeyrissjóða í Sviss var neikvæð í fyrra um 7,4%. Raunávöxtun bandarískra lífeyrissjóða var talin neikvæð í fyrra um 5,7% og þannig mætti lengi telja.

Árið 2000 var raunávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna neikvæð um 0,7% en hafði árið áður verið jákvæð um 12%. Eðlilegt er hins vegar að líta á raunávöxtun sjóðanna yfir lengra tímabil en eitt ár en ljóst er að meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða síðustu fimm ára var almennt mjög ásættanleg. Staða íslenskra lífeyrissjóða er því mjög traust.

Heildareignir lífeyrissjóðanna um síðustu áramót voru um 648 ma. kr., þar af námu erlendar eignir sjóðanna 138 ma. kr. eða 21,2%, sem er hlutfallsleg lækkun frá fyrra ári, þegar þær námu 22,6% af eignum. Heildareignir lífeyrissjóðanna jukust hins vegar um 82 ma. kr. milli ára eða um 14,5%. Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2001 svaraði til 87% af vergri landsframleiðslu samanborið við 82,4% í árslok 2000. Athygli vekur mikil aukning sjóðfélagalána, en þau voru 74 ma. kr. í árslok 2001 miðað við 56 ma. kr. í árslok 2000. Aukningin nam um 32%. Umtalsverð aukning var líka milli áranna 1999 og 2000 eða um 26%.

Í lok síðasta árs sendi fjármálaráðherra frá sér skýrslu um þróun lífeyrismála 1998 - 2001. Skýrslan er gerð í samræmi við ákvæði í lífeyrislögum, þar sem segir að komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda, þá skuli fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögum þannig að þetta markmið þeirra náist.

Megin niðurstaða skýrslu fjármálaráðherra er að almenn þátttaka í lífeyrissparnaði samhlíða fjölbreyttu framboði af samningum um lífeyrissparnað hafi leitt til þess að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi nú almennt raunhæfan möguleika á því að byggja lífeyrissparnað sinn upp með samþættingu samtrygg-

ingar og séreignar, þrátt fyrir að það hafi gerst með nokkuð öðrum hætti en gert var ráð fyrir við setningu lífeyrislaganna. Það sé því mat fjármálaráðherra að ekki sé ástæða til þess að gera sérstakar breytingar á lífeyrislögum vegna umrædds bráðabirgðaákvæðis í lífeyrislögum.

Landssamtök lífeyrissjóða hljóta að fagna þessari niðurstöðu í skýrslu fjármálaráðherra. Mjög mikilvægt er að sú almenna þjóðarsátt um lífeyrissjóðakerfið, sem náðist með setningu laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, rofni ekki. Íslendingar búa nú við traust lífeyrissjóðakerfi með mikilli sjóðsöfnun, samtryggingu og með aðild allra starfandi manna, sem er í fullkomnu samræmi við forskrift Alþjóðabankans frá árinu 1994 um þriggja stöða lífeyriskerfi. Samstaða þjóðarinnar varðandi uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins er því mjög mikilvæg.

Alls lögðu launamenn til hliðar á árinu 2000 í viðbótarlífeyrissparnað 2.426 m.kr., sem var hvorki meira né minna en um 82% aukning frá árinu 1999. Í byrjun þessa árs jókst mótframlag atvinnurekenda til launþega á almennum vinnumarkaði úr 1% í 2%. Launamaður getur nú greitt 4% af heildarlaunum sínum í viðbótarlífeyrissparnað og lækkað skatta sína sem því nemur og fengið til viðbótar 2% mótframlag frá atvinnurekanda sínum og 0,4% frá ríkinu. Heildarframlagið getur því orðið 6,4%.

Mótframlag launagreiðanda og ríkisins og skattfrestun við innborgun gerir það að verkum að enginn annar sparnaður stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað. Þá þarf ekki að greiða eignaskatt af inneigninni og ekki heldur fjármagnstekjuskatt af vaxta tekjum. Inneignin er ekki framtalsskyld og hefur því ekki áhrif á lækkun vaxtabóta eða barnabóta.

Þá er vert að geta samkomulags aðila vinnumarkaðarins sem er á þá leið að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns. Ástæðan fyrir þessari breytingu mun vera sú að nokkur fjöldi launamanna telur sig ekki getað lagt til hliðar af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað, en það var áður forsenda fyrir því að framlag komi frá vinnuveitanda. Nú hefur hins vegar verið samið um 1% skylduframlag vinnuveitenda í séreign, þrátt fyrir að ekkert framlag komi frá launamanninum. Samkvæmt könnun sem gerð var í janúar á þessu ári tóku um 40% launþega þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum, langflestir á aldrinum 35 ára til 55 ára. Sú breyting sem nú hefur verið gerð um 1% skylduframlag atvinnurekenda mun áreiðanlega skjóta styrkari stöðum undir þennan mikilvæga sparnað og þá ekki síst hjá þeim fjölmörgu lífeyrissjóðum sem taka á móti viðbótarframlögum í séreign.

Á umliðnum árum hefur okkur Íslendingum tekist að byggja upp gott velferðarkerfi, þó alltaf megi gera betur og mönnum finnst oft ekki miða nægilega vel og fljótt í rétta átt gagnvart ýmsum þjóðfélagshópum, s.s. öryrkjum og öldruðum. Hluti af velferðarkerfinu eru

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

auðvitað lífeyrissjóðirnir, en uppbygging þeirra hér á landi er í fremstu röð meðal vestrænna þjóða, eins og kunnugt er. Starfsendurhæfing er mjög mikilvægur þáttur í velferðarkerfinu og brýn nauðsyn er að gefa öllum sem missa starfsorku sína vegna sjúkdóma eða slysa kost á skilvirkum endurhæfingarúrræðum. Þeim mun fljótar sem gripíð er til starfsendurhæfingar þeim mun betra fyrir alla. Þá þarf ekki síst að leita samstarfs við sjúkrasjóði verkalyðsfélaga, því þangað leita launþegar oftast í byrjun langvarandi veikinda og fjarveru frá vinnumarkaði. Skilvirk starfsendurhæfing lækkar kostnað og fjárútlát ríkissjóðs og lífeyrissjóða þegar til lengri tíma er litið en mest er þó um vert að með því að aðstoða einstaklinginn við að takast á við launuð störf á vinnumarkaði eykst sjálfsvirðing hans og lífshamingja. Ég tel fyllilega tímabært að lífeyrissjóðirnir hugi mun ákveðnar að þessum málum og beiti samtakamætti sínum svo efla megi þennan þátt velferðarkerfisins.

Landssamtök lífeyrissjóða tóku þátt í fjölmennu málþingi um starfsendurhæfinu á síðasta ári. Nú hefur á vegum stjórnvalda verið stofnaður starfshópur, sem LL eiga aðild að og sem gera skal tillögur að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og hafa að leiðarljósi þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa aðstoð við að fóta sig á nýjum og breyttum starfsvettvangi. Gert er ráð fyrir því að nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok.

Starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða hefur verið þróttmikil og fjölbreytt á starfsárinu. Ég hvet fundarmenn að lesa starfskýrslu samtakanna því þar er fjallað um helstu verkefni stjórnar, þó svo að sú upptalningu sé engan veginn tæmandi

Ég vil að lokum færa þeim fjölmörgu einstaklingum sem unnið hafa með og fyrir Landssamtök lífeyrissjóða á því starfsári sem er að líða, bestu þakkir fyrir samvinnuna. Samstarfsfólki mínu í stjórn og framkvæmdastjóra þakka ég fyrir góða samheldni og stuðning í mörgum erfiðum málaflokkum.

Þórir Hermannsson

Hlutverk samtakanna er:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.





STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka Lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Þórir Hermannsson, *formaður*
Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, *ritari*
Arnar Sigurmundsson
Árni Guðmundsson
Friðbert Traustason
Margeir Daníelsson og
Vígíundur Þorsteinsson.

Vararstjórnin er þannig skipuð: Eiríkur Benjamínsson, Eysteinn Haraldsson, Gunnar Baldvinsson, Jóhannes Siggeirsson, Kári Arnór Kárason, Magnús L. Sveinsson, Pétur Sigurðsson og Sigurbjörg Björnsdóttir.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 10 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktta samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka Lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Stjórn og framkvæmdastjóri LL. Talið frá vinstri neðri röð: Arnar Sigurmundsson, Margeir Daníelsson, Haukur Hafsteinsson, Þórir Hermannsson og Friðbert Traustason. Efri röð frá vinstri: Árni Guðmundsson, Hrafn Magnússon og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir. Á myndina vantar Vígíundur Þorsteinsson.

AÐALFUNDUR LANDS- SAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 30. maí 2001. Friðbert Traustason stjórnaði fundi en fundarritari var Tryggvi Tryggvason.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra flutti ræðu, þar sem hún fjallaði um framþróun verðbréfamarkaðarins. Í upphafi ræðu sinnar lýsti hún ánægju sinni með þá umræðu sem hafi átt sér stað um lífeyrismál þegar lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða voru samþykkt á árinu 1997. Hafi umræðan vakið áhuga landsmanna á mikilvægi lífeyrissparnaðar. Í máli hennar kom fram að áform væru um frekari einkavæðingu á fyrirtækjum í eigu ríkisins. Hvatti hún lífeyrissjóðina til þátttöku í væntanlegri einkavæðingu. Ráðherra sagði lífeyrissjóðina vera stóra þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði og að nær allur þjóðfélagslegur sparnaður væri hjá lífeyrissjóðunum. Lífeyrissjóðirnir yrðu mikilvægir þátttakendur í atvinnulífi landsmanna á næstu árum. Ráðherra fjallaði einnig um fjárfestingastefnu sjóðanna og lagaumhverfi þeirra. Taldi hún að þrátt fyrir ágæta sátt um lagaumhverfi lífeyrissjóða væri líklegt að einstaka þættir laganna yrðu áfram til umræðu. Í því sambandi benti hún sérstaklega á fjárfestingaheimildir og þátttöku hins almenna sjóðfélaga í starfsemi lífeyrissjóða og hvernig staðið yrði að vali á stjórnarmönnum.

Þórir Hermannsson, formaður Landssamtaka Lífeyrissjóða, flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári. Fram kom í máli hans að árið 2000 hefði verið lífeyrissjóðunum mun óhagstæðara en árið 1999 og að eignir sjóðanna hefðu aukist mun hægar en áður. Óhagstæð þróun á hlutabréfamörkuðum hafi verið ein megin skýringin á lakari ávöxtun sjóðanna á síðasta ári. Vel hefði hins vegar tekist til með rekstur LL á síðasta ári og í framhaldi af því væri hægt að lækka árgjöld til samtakanna um 6,7%.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2000 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varastjórn og voru engar breytingar gerðar frá fyrri skipan. Tillaga stjórnar um endurskoðunarfélag samtakanna, þóknun til aðal- og varamanna og um lækkan árgjalds til LL var samþykkt samhljóða.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2001, var greint frá skipan fulltrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.

FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka Lífeyrissjóða tilnefnir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 13. nóvember á síðasta ári. Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands flutti erindi um „Lífeyriskerfin á Norðurlöndum, svo og helstu niðurstöður skýrslu um sveigjanleg starfslok á Norðurlöndum“ og Hrafn Magnússon greindi frá starfsemi PPM (Premiepensionsmyndigheten) í Svíþjóð, en úrbætur Svía í lífeyrismálum hafa vakið mikla athygli í Evrópu.





SKÝRSLA FJÁRMÁLARÁÐ- HERRA UM ÞRÓUN LÍFEYRISMÁLA

Í nóvember á síðasta ári sendi fjármálaráðherra frá sér skýrslu um þróun lífeyrismála 1998 - 2001. Niðurstaða skýrslunnar er að almennt þátttaka í lífeyrissparnaði samhliða fjölbreyttu framboði af samningum um lífeyrissparnað hafi leitt til þess að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi nú almennt raunhæfan möguleika á því að byggja lífeyrissparnað sinn upp með samþættingu samtryggingar og séreignar.

Skýrslan er gerð í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lífeyrislögunum, þar sem segir að komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika í samsetningu lífeyriséttinda, þ.e. samþættingu sameignar og séreignar innan lámarkstryggingarverndarinnar, þá skuli fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögunum þannig að þetta markmið þeirra náist.

Ljóst sé að lífeyrissjóðirnir hafa almennt ekki farið þá leið að bjóða sjóðfélögum sínum upp á slíka samsetningu lágmarkstryggingarverndar. Þessu markmiði laganna hafi því ekki verið náð með þeim hætti sem stefnt var að. Hins vegar sýni tölur um hækkun inn eignar á reikningum fyrir lífeyrissparnað að hlutur lífeyrissparnaðar í heildarsamsetningu lífeyrisréttinda vaxi hraðar en annars konar lífeyrisréttindi. Af því leiði að sífellt herra hlutfall lífeyrisréttinda sjóðfélaga fari í séreign án þess að það hafi áhrif á framlag til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingarsjóðum.

Það var því meginniðurstaða skýrslu fjármálaráðherra að almennt þátttaka í lífeyrissparnaði, móttframlag ríkisins og vinnuveitenda samhliða fjölbreyttu framboði af samningum um lífeyrissparnað hafi leitt til þess að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi nú almennt raunhæfan möguleika á því að byggja lífeyrissparnað sinn upp með samþættingu samtryggingar og séreignar, þrátt fyrir að það hafi gerst með nokkuð öðrum hætti, en gert var ráð fyrir við setningu lífeyrisslaganna.

Einnig sé vert að hafa í huga að stutt reynsla sé komin á framkvæmd laganna, eða frá 1. júlí 1998, og því viðbúið að lífeyrissjóðirnir hafi ekki að fullu lagað starfsemi sína að breyttu lagaumhverfi.

Það sé því mat fjármálaráðherra að ekki sé ástæða til þess að gera sérstakar breytingar á lífeyrislögunum vegna umrædds bráðabirgðaákvæðis í lífeyrislögunum.

KYNNINGARFUNDUR MEÐ EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTA- NEFND

Landssamtök lífeyrissjóða efndu til sérstaks kynningarfundar, 8. mars s.l., um málefni lífeyrissjóðanna með nefndarmönnum í Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Á fundinum flutti Már Guðmundsson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands erindi, sem bar heitið „Lífeyrissjóðirnir í þjóðhagslegum og alþjóðlegum samanburði.“ Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur, fjallaði um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna og hvaða reglur gilda við að meta tryggingafræðilega stöðu sjóðanna. Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga, flutti framsögu um „Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða, stjórnar og starfsmanna“ og þeir Albert Jónsson, forstöðumaður verðbréfavíðskipta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Bjarni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Framsýnar, fjölluðu um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðanna og aðkomu lífeyrissjóða að fjárfestingum hérlendis og erlendis.

VERKLAGSREGLUR UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Á árinu 2000 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem m.a. var kveðið á um skyldu stjórnar lífeyrissjóðs að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Skulu slíkar reglur staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða skipaði á síðasta ári starfshóp, sem hafði það hlutverk að setja saman leiðbeinandi verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða, stjórna og starfsmanna. Á öllum vinnslustigum voru tillögur starfshópsins sendar Fjármálaeftirlitinu til skoðunar. Með hliðsjón af ábendingum Fjármálaeftirlitsins gekk starfshópurinn í febrúar s.l. frá „Leiðbeiningum um verklagsreglur lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna.“ Vinnuhópurinn var skipaður þeim Arnari Sigurmundssyni stjórnarmanni í LL og Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, Hrafn Magnússyni, framkvæmdastjóra LL, Stefáni Halldórssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga og Þorgeiri Eyjólfssyni, forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Það er von Landssamtaka lífeyrissjóða að þessar leiðbeinandi verklagsreglur um verðbréfavíðskipti hafi auðveldað samningu slíkra reglna hjá lífeyrissjóðunum.



UPPLÝSINGARIT UM LÍFEYRISMÁL

Landssamtök lífeyrissjóða gáfu á s.l. hausti út upplýsingarit um lífeyrissjóðina. Ritinu er ætlað að upplýsa sjóðfélaga lífeyrissjóða um réttindi þeirra og landsmenn almennt um lífeyrismál. Ritið fjallar m.a. um hlutverk lífeyrissjóða, þriggja stöða lífeyriskerfi, tegundir lífeyris, viðbótarlífeyrissparnað og um mismunandi lífeyriskerfi.

Það er von Landssamtaka lífeyrissjóða að með útgáfu upplýsingaritsins takist að vekja athygli almennings á lífeyrismálum almennt og á lífeyrissjóðunum. Hægt er að fá ritið hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, hjá lífeyrissjóðunum og þeim aðilum sem að sjóðunum standa, t.d. hjá verkalýðsfélögum. Upplýsingaritið er enn fremur aðgengilegt á heimasíðu LL og á heimasíðum fjölmargra lífeyrissjóða.

SKIPTING ELLILÍFEYRIS-RÉTTINDA

Landssamtök lífeyrissjóða boðuðu til samráðsfundar um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna, s.l. haust. Fundarefnið var að fara yfir ýmis framkvæmdaatriði og samskiptamál varðandi skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Landssamtök lífeyrissjóða hafa gefið út fræðslurit um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna, en áður höfðu samtökin látið útbúa sérstakt samningseyðublað, sem sjóðfélagar og makar þeirra geta fengið afhent á skrifstofum lífeyrissjóðanna.

Þrátt fyrir að mjög fáir hafa nýtt sér þau ákvæði sem eru í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu ellilífeyrisréttinda, hafa samt sem áður vaknað upp ýmsar spurningar hjá starfsfólki sjóðanna um framkvæmdina, sem finna þarf svör við. Í því sambandi má nefna að oft er spurt um, hvort samningsaðilar þurfi að undirrita marga samninga, ef þeir eigi réttindi í mörgum sjóðum; hvort hliðstæð ákvæði gætu gilt um upplýsingagjöf sjóðanna og framsendingu gagna, eins og í núverandi samkomulagi um samskiptamál; hvort breyta þurfi umræddu samningseyðublaði og gera ýmiss ákvæði skýrari o.s.frv.

Nokkuð mismunandi virðist vera, hversu margir samningar hafa verið gerðir um skiptingu ellilífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóðunum, en talið er að heildarsamningar séu aðeins á annað hundrad. Í flestum tilvikum er um að ræða samninga vegna skiptingar á áunnum réttindum og þá oftast vegna hjónaskilnaðar. Nokkuð er um að samningar hafa verið gerðir vegna skiptingar á samtímagreiðslum en frekar sjaldgæft er að hjón skipti framtíðarréttindum sínum.

Á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða er nú unnið að tillögum að samræmdri framkvæmd skiptingar ellilífeyrisréttinda.



SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAMÁL

Úrskurðar- og umsagnarnefnd Landssamtaka Lífeyrissjóða, sem starfar samkvæmt 10. gr. samkomulags um samskipti Lífeyrissjóða, hefur fjallað um samræmingu milli sjóða varðandi ákvæði í 15. gr. laga nr. 129/1997, þar sem kveðið er á um tímabundna fjarveru af vinnumarkaði. Nánar tiltekið hljóðar ákvæðið þannig: „*Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til Lífeyrissjóðs.*“ Nefndin telur eðlilegt að miða við allt að 24 mánuði, þegar tekin er afstaða til „tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði.“ Annað hvort komi til greina að lífeyrissjóðirnir setji inn slík tímamörk í samþykktir sínar eða slík mörk séu í sérstökum vinnureglum sjóðanna við mat á framreikningsrétti.

Þá hefur nefndin fjallað um skilgreiningu á framreikningssjóði, samkvæmt ákvæðum í samskiptasamkomulagi Lífeyrissjóða. Við afgreiðslu örorkulífeyrismáls hefur framreikningi verið skipt milli sjóða í samræmi við ákvæði samskiptasamkomulags, en við útreikning hjá einum þessara sjóða hefur síðan komið í ljós að réttindi reynast meiri samkvæmt þeirri reglu, að aldrei skuli miðað við færri stig en áunnin eru, en samkvæmt svonefndri 30 ára reglu. Í athugasemdum við gr. 4.1. í greinargerð með tillögum að nýju samskiptasamkomulagi frá apríl 1998 var tekið fram að í ákvæðinu fælist að við útreikning framreiknaðra stiga skuli ekki taka með iðgjöld til sjóða, þar sem framreikningur er niður fallinn vegna aldurs sjóðfélaga eða töku ellilífeyris. Með gagnályktun fáiast að engin skilyrði séu um lágmark framreiknaðra réttinda, ef aldursmarkinu hefur ekki verið náð. Taldi nefndin rétt að líta svo á, að lífeyrissjóður teljist einnig framreikningssjóður, þótt útreikningur leiddi til ofangreindrar niðurstöðu.

ENDURHÆFINGARMÁL

Í nóvembermánuði í fyrra var haldið velheppnað málþing um starfsendurhæfingu. Að málþingnu stóðu Alþýðusamband Íslands, Landsamtök Lífeyrissjóða, Samstarfsráð um endurhæfingu, Samtök atvinnulífsins, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnunin. Á málþinginu var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„*Starfsendurhæfing á Íslandi er mikilvægur þáttur íslensks samfélags sem nauðsynlegt er að efla að styrk og fjölbreytni á komandi árum. Til að svo verði þurfa þeir aðilar sem með beinum eða óbeinum hætti koma að starfsendurhæfingu að samhæfa krafta sína, fjármuni og framtíðarsýn. Fundurinn telur mikilvægt að stofnaður verði starfshópur um þetta verkefni hið fyrsta sem geri tillögur að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Starfshópurinn hafi að leiðarljósi þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa aðstoð við að fóta*



sig á nýjum eða breyttum starfsvettvangi, sem og samfélagsleg og þjóðhagsleg sjónarmið. Fundurinn leggur til að ráðherrar heilbrigðis-, trygginga- og félagsmála beiti sér fyrir skipun slíks starfshóps.”

Þeir sem stóðu að málþinginu eru sammála um að til að koma málefnum starfsendurhæfingar í betri farveg þurfi víðtækt samstarf þeirra aðila sem viðkomandi einstaklingur þarf á að halda. Núverandi fyrirkomulag sé til þess fallið að lengja tímabil óvinnufærni eða atvinnuleysis. Vel þekkt sé að slíkt hefur oft í för með sér afar óæskilegar félagslegar, líkamlegar og sálrænar afleiðingar, sem valdið geta fjárhagslegu skipbroti og varanlegu brotthvarfi af vinnu-markaði. Við atvinnuleysi, hvort sem um sé að ræða af heilsfarsá- stæðum eða félagslegum ástæðum, getur viðkomandi einstaklingur þurft leiðsögn og ráðgjöf til að fóta sig í nýjum kringumstæðum. Vegna fjárhagsstöðu sinnar kann hann að þurfa að leita til fjöl- margra aðila, s.s. sjúkrasjóða stéttarféлага, atvinnuleysisstrygginga, almannatrygginga og lífeyrissjóða. Ef heilsubrestur er einnig til staðar þarf viðkomandi einnig að leita til heilbrigðiskerfisins um aðstoð, þó ekki sé nema til að fá vottorð læknis, sem sé nauðsyn- leg forsenda greiðslna úr flestum áðurnefndum sjóðum. Of fá og óaðgengileg úrræði fyrir starfsendurhæfingu valda því að einstak- lingar hrekjast inn í vítahring, sem erfitt sé að komast út úr. Þessi ferill sé afar óheppilegur. Betra sé að grípa fyrr inn í atburðarásina, samhæfa þá fjármuni og úrræði sem einstaklingnum bjóðast, með þeim hætti að nýtist honum sem nauðsynlegt svigrúm til að taka nýjar ákvarðanir, jafnframt því að boðið sé upp á eða jafnvel sett sem skilyrði, að viðkomandi einstaklingur taki þátt í starfsendur- hæfingu. Til að einfalda og bæta þetta ferli þarf eftirfarandi:

- Endurskoða þarf hvernig fjármunir nýtast nú og hvort hægt sé að nota hluta þeirra með til að efla starfsendurhæfingu að magni og gæðum.
- Hlúa þarf að þeirri starfsemi sem til staðar er, samræma hana og gera í stakk búna til að takast á við aukin verkefni.
- Styrkja þarf samvinnu þessara aðila.
- Þau ráðuneyti sem koma beint að málefnum sem snerta starfs- endurhæfingu, þ.e. ráðuneyti heilbrigðis-, trygginga-, félags og menntamála, þurfa einnig að vinna þessu verkefni brautar- gengi.

Nú hafa stjórnvöld skipað starfshóp til að fara yfir þessa þætti og koma með tillögur að breyttu skipulagi, áherslum og úrræðum.

Hvað varðar lífeyrissjóðina eru endurhæfingarmálin mjög mikil- væg. Með skipulegri og raunhæfri starfsendurhæfingu sparast verulegir fjármunir hjá sjóðunum, sem gerir lífeyrissjóðina betur í stakk búna til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar í framtíð- inni, auk þess sem skilvirk starfsendurhæfing skilar sér beint í betri lífeyrisréttindum og þar með hærri bótafjárhæðum til lífeyrisþega. Hitt er ekki síður mikilvægt að það er sjálfsgöð skylda lífeyrissjóða sem annarra sem hagnuna eiga að gæta, að koma þeim sem misst hafa starfsorku sína vegna slysa eða sjúkdóma til sjálfsbjargar á ný, eftir því sem tók eru á.

KÖNNUN LÍFEYRISSJÓÐALÁNA

Í desember á síðasta ári var á vegum LL gerð könnun um lán lífeyr- issjóðanna til sjóðfélaga. M.a. var spurst fyrir um hámark lánsfjár- hæðar, lántökuskilyrði, lánstíma, vexti, veðsetningarmörk og lán- tókugjöld.

Helstu niðurstöður voru þær að algengasta hámarkslán var um 4 m.kr. Gerð var krafa að sjóðfélaginn hefði greitt til viðkomandi sjóðs í a.m.k. 6 mánuði fyrir lántöku og lánstíminn var yfirleitt á bil- inu 5 ár til 30 ár. Vextir voru almennt breytilegir og tengdir ávöxtun- arkröfu húsbrefa með álagi. Veðsetningarmörk voru almennt 60% til 65% af fasteignamati eða 55% til 60% af markaðsverði. Algeng- ast var að taka 1% lántökugjald.

KÖNNUN Á ENDUR- GREIÐSLUM TIL ÚTLENDINGA

Í 3. mgr. 19. gr. l. 129/1997 er að finna ákvæði um endurgreiðslu ið- gjalda til erlendra ríkisborgara. Þar segir: „*Heimilt er að endur- greiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningisem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.*”

Í samstarfi við Félag íslenskra tryggingafræðinga hafa Lands- samtök lífeyrissjóða gefið út leiðbeinandi reglur fyrir lífeyrissjóðina varðandi endurgreiðslur til útlendinga. Til þess að gera sér grein fyrir umfangi endurgreiðslanna gerði LL könnun meðal lífeyris- sjóðanna s.l. haust. Í könnuninni kom fram að langflestir lífeyrisjóð- ir heimila endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara utan EES og umræddar leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærð- fræðinga séu notaðar þegar endurgreiðslan er reiknuð.



ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „*European Federation for Retirement Provision*“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Þannig eru starfsstöðvar samtakanna í Brussel og stór hluti af starfsemi felst í því að hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins. Jafnframt vinna samtökin að ýmissi upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökupjóða. Það sem efst er á baugi hjá EFRP um þessar mundir er að fylgjast með og hafa áhrif á setningu tilskipunar um starfsemi lífeyrissjóða innan Evrópusambandsins.

ÖNNUR VERKEFNI

- Rafræn skil á iðgjöldum er mikið hagsmunamál fyrir lífeyrissjóðina. Minni vinna verður við innslátt og afstemmingar. Til að gera þetta að veruleika, þá þarf að koma sér saman um staðlað form til að skila inn iðgjöldum, svokallað XML skeyti. Talið var eðlilegt að LL væri rétti vettvangurinn til að koma málinu af stað og munu samtökin kynna málið meðal aðildarsjóða LL og boða til fundar með þeim hugbúnaðarfyrirtækum sem vinna að gerð launaforrita.
- Í febrúarmánuði s.l. fór Strengur h.f. þess á leit við LL að samtökin hefðu forgöngu um að kannaðir yrðu möguleika á því að stofnað verði sérstakt félag eða á annan hátt fundið fyrirkomulag um greiðslumiðlun lífeyrisgreiðslna o.fl., sem fram til þessa hafði verið á forræði lífeyrisdeildar Reiknistofu lífeyrissjóða. Ástæðan fyrir þessari beiðni má rekja til þess að um síðustu áramót sameinuðust Strengur h.f. og Reiknistofa lífeyrissjóða, en óeðlilegt þótti að lífeyrisdeildin flyttist til Strengs h.f., sem væri fyrst og fremst hugbúnaðarfyrirtæki. Jafnframt var talið eðlilegt að LL hefði eitthvað um þróun þessa máls að segja, þar sem allt frá stofnun samtakanna hafi verið um að ræða ákveðinn samrekstur lífeyrisdeildarinnar og LL. Stefnt er að undirritun samstarfssamnings um stofnun Greiðslustofu lífeyrissjóða, sem yrði samstarfsvettvangur 14 lífeyrissjóða auk LL.
- Landssamtök lífeyrissjóða hafa nú í all langan tíma unnið að sér-
tækri váttryggingavernd, sem kvæði á um fjárhagslega vernd fyrir lífeyrissjóðina og stjórnendaábyrgð fyrir stjórnarmenn og starfsmenn þeirra. Hefur þessi vinna verið unnin í samstarfi við Váttryg-

ingafélag Íslands hf. og Howden Insurance Brokers í London. Ljóst er að með sameiginlegri vernd fást mun lægri iðgjöld en fengjust ef einstakir sjóðir keyptu sér váttryggingaverndina beint, auk þess sem váttryggingafjárhæðir yrðu jafnframt verulegra hærrí. Tryggingin er því mjög hagstæð fyrir lífeyrissjóðina, stjórnendur og stjórnarmenn lífeyrissjóðanna, ef um sameiginlega þátttöku þeirra verður að ræða. Í tilefni þessa boðuðu LL til almenns kynningarfundar meðal lífeyrissjóðanna, 6. mars s.l., þar sem fram fór ítarleg kynning á þeim váttryggingaskilmálum, sem liggja til grundvallar fyrir váttryggingaverndinni. Ekki er búist við öðru en þátttaka lífeyrissjóðanna í hinni sameiginlegri váttryggingavernd verði góð.

UMSAGNIR UM FRUMVÖRP

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld og þingnefndir þeim sjónarmiðum, sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Þetta gerist m.a. með fundarhöldum með starfsfólki ráðuneytanna, svo og með fundum í þingnefndum, sérstaklega þó með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Verður nú getið nokkurra umsagna Landssamtaka lífeyrissjóða vegna lagafrumvarpa:

FRUMVARP TIL LAGA UM RAFRÆNA EIGNASKRÁNINGU VERÐBRÉFA.

Frumvarpið fjallaði um skráningu verðbréfa erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða lögðu til að umrætt frumvarp yrði samþykkt, enda væri það til mikilla hagsbóta varðandi framþróun verðbréfamarkaðarins að hægt væri að flytja ákveðinn hluta rafréfa til verðbréfamíðstöðva í því landi þar sem markaðurinn er fyrir hendi.

UM GREIÐSLU EFTIRLITSGJALDS TIL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS.

Um var að ræða umsögn vegna álagningar eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2002.

Landssamtök lífeyrissjóða lýstu yfir vonbrigðum að Fjármálaeftirlitið hafi lítið sem ekkert tekið tillit til ítarlegra ábendinga samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila varðandi einstaka rekstrarliði áætlunarinnar. Landssamtök lífeyrissjóða tóku undir öll sjónarmið samráðsnefndarinnar og voru samtökin reiðubúin að ræða einstaka þætti rekstraráætlunar Fjármálaeftirlitsins við nefndararmenn í Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, ef þess væri óskað.

FRUMVARP TIL LAGA UM RÝMRI HEIMILDIR LÍFEYRIS- SJÓÐA TIL FJÁRFESTINGA.

Um var að ræða viðauka við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu- tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hefði í för



með sér rými heimildir til fjárfestinga í tilteknum innlendum óskráðum verðbréfum fyrirtækja, samkvæmt nánari skilgreiningum í frumvarpinu.

Landssamtök Lífeyrissjóða gerðu engar efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins og lögðu til að það yrði samþykkt óbreytt.

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á LÍFEYRISSJÓÐA-LÖGUNUM.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka Lífeyrissjóða varðandi ýmsar breytingar á lögum, þ.á.m. breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Um var að ræða nokkrar breytingar sem lagt var til að gerðar yrðu á lögnum í kjölfar breytinga frá s.l. hausti á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Umsögn Landssamtaka Lífeyrissjóða einskorðaðist við þær breytingar sem lagt var til í frumvarpinu að gerðar yrðu við ákvæði laga nr. 129/1997.

Landssamtök Lífeyrissjóða gerðu engar efnislegar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem vörðuðu breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingarnar fólust aðallega í því að tryggja lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru eða eftir atvikum gefin út af aðilum í Liechtenstein, með sama hætti og aðilum innan OECD.

FRUMVÖRP TIL LAGA UM LÍFEYRISSJÓÐ STARFSMANNA RÍKISINS OG LÍFEYRISSJÓÐ HJÚKRUNARFRÆÐINGA.

Um var að ræða lögfestingu á nokkrum ákvæðum, sem almennt voru til samræmis við þá framkvæmd sem tíðkast hafði hjá þessum lífeyrissjóðum. Landssamtök Lífeyrissjóða gerðu því engar efnislegar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins, sem varða breytingar á framangreindum lögum.

UM AUKINN BARNALÍFEYRISRÉTT.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka Lífeyrissjóða varðandi frum-

varp til laga um um breytingar á 17. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frumvarpið fjallaði um aukinn barnalífeyrisrétt, þ.á.m. að greiða barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega, sem fædd væru eftir orkutap.

Í umsögn Landssamtaka Lífeyrissjóða kom fram að bótaákvæði laga nr. 129/1997 væru lágmarksákvæði og gætu lífeyrissjóðir því veitt betri réttindi eftir því sem fjárhagsgrundvöllur þeirra leyfði. Kæmi þetta glögglega fram í mismunandi bótaákvæðum í samþykktum sjóðanna.

Við samningu frumvarps til ofangreindra laga hefði í megindráttnum verið litið til samkomulags Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 12. desember 1995. Í umræddu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins kæmi fram það sjónarmið, að réttur til lífeyris vegna örorku sjóðfélaga skyldi miðast við aðstæður sjóðfélagsins á þeim tíma er orkutap hefði átt sér stað, enda virtist eðlilegra að ráðstafanir vegna breytinga á högum sem síðar yrðu, væru fremur í verkahring almennatrygginga og skattkerfis en tryggingakerfis lífeyrissjóða. Þetta sjónarmið áréttaði LL sérstaklega.

Landssamtök Lífeyrissjóða lögðu því til að umrætt frumvarp yrði ekki samþykkt. Að lokum tóku LL fram, að það væri misskilningur sem fram kæmi í greinargerð með frumvarpinu að einstök bótaákvæði spari lífeyrissjóðum fjármuni. Bótaákvæðin endurspeglu stefnu einstakra sjóða með tilliti til, hvernig þeir kjósa að skipta fjármunum sínum milli einskakra bótategunda innan þeirra marka sem þeim væru sett með ákvæðum laganna um lágmarksréttindi. Dugi fjármunir þeirra fyrir meiru en skuldbindingum, njóti sjóðfélagar þess í formi réttindaaukningar.

FRUMVARP TIL LAGA UM AFNÁM SKYLDUAÐILDAR.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka Lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á 2. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en ákvæðið fjallaði um afnám skylduaðildar.

Landssamtök Lífeyrissjóða töldu að ef frumvarpið næði fram að ganga, þá mundi rofna sú almenna þjóðarsátt um lífeyrissjóðakerfið, sem náðist með setningu laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslendingar búi nú við traust og einfalt lífeyrissjóðakerfi með mikilli sjóðsöfnun, samtryggingu og með aðild allra starfandi manna, sem sé í fullkomnu samræmi við forskrift Alþjóðabankans frá árinu 1994 um þriggja stöða lífeyriskerfi.

Varað var sérstaklega við sjónarmiðum um afnám samtryggingarinnar sem fram kæmu í greinargerð frumvarpsins, þar sem sagði: „Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin, að lífeyrissjóðir veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskylduaðstöðu.“ Landssamtök Lífeyrissjóða lýstu því andstöðu sinni við umrætt frumvarp um afnám skylduaðildar að einstökum lífeyrissjóðum og bentu á í því sambandi, að íslenska lífeyrissjóðakerfið væri talið til fyrirmyndar meðal annarra þjóða.



LEIÐBEINANDI VERKLAGSREGLUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI LÍFEYRISSJÓÐS, STJÓRNAR HANS OG STARFSMANNA

GILDISSVIÐ OG MARKMIÐ

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær taka, eftir því sem við getur átt, til [nafn lífeyrissjóðs], stjórnarmanna og þeirra starfsmanna hans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta sjóðsins með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Aðrir starfsmenn en ofangreindir eru undanþegnir ákvæðum 7. og 9. gr. reglnanna um tilkynningaskyldu og undirritun yfirlýsingar.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi [nafn lífeyrissjóðs] og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

SKILGREININGAR

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

Fjölskylda:

Maka, sambúðaraðila eða samvistarmaka og ófjárráða börn.

Trúnaðarupplýsingar:

Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði, þ.á m. starfsemi eða fyrirætlanir lífeyrissjóðsins, sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfananna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Verðbréf:

- Hvers konar framseljanleg kröfurettindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjárumum.
- Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.

Ákvæðin eru að hluta byggð á 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

MEÐFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

3. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

- nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
- láta þriðja aðila upplýsingarnar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
- ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til víðskipta með verðbréfin.

Ákvæðin eru byggð á IV. kafla. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

MARKAÐSHEGDUN

4. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til víðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi víðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfavíðskiptum.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga víðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sé í eigin þágu víðskiptakjör sem [nafn lífeyrissjóðs] kann að njóta hjá þriðja aðila.

Ennfremur skulu þeir ekki eiga víðskipti með einstök verðbréf á sama tíma og lífeyrissjóðurinn eða sem lífeyrissjóðurinn hyggst eiga víðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík víðskipti vegna starfsins.

Fyrsti málsliður greinarinnar er byggður á 30. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

ÞAGNARSKYLDA

5. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en bryna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem og endurskoðendur skulu hafa reglu á því

hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði þessi eru að hluta byggð á 32. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

HÆFI

6. gr.

Stjórnarmaður eða starfsmaður [nafn lífeyrissjóðs] er vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um verðbréfavíðskipti sjóðsins ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hans, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.

Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

Ákvæðin um vanhæfi eru byggð á stjórnáskilum. Í 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnáskilanna.

TILKYNNINGASKYLDA

7. gr.

Þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta sjóðsins með einhverjum hætti skulu að eigin frumkvæði tilkynna yfirmanni sínum eða staðgengli hans um öll viðskipti fyrir eigin reikning samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Tilkynna skal um viðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör.

Þeir starfsmenn sem sjá um fjárfestingar fyrir lífeyrissjóðinn skulu tilkynna um verðbréfaeign sína er þeir taka við starfinu.

Lífeyrissjóðurinn skal halda skrá um tilkynningarskyld verðbréfavíðskipti starfsmanna þar sem skráðar eru upplýsingar um verðbréfin, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

RANNSÓKNARSKYLDA

8. gr.

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita állits framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar [nafn lífeyrissjóðs], eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði áður en viðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

UNDIRRITUN YFIRLÝSINGAR

9. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn [nafn lífeyrissjóðs] skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum

EFTIRLIT

10. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri [nafn lífeyrissjóðs], skulu, eftir því við á, sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal núverandi og nýrra starfsmanna og að þeir staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér þær. Einnig skulu ofangreindir aðilar sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna og starfsmanna [nafn lífeyrissjóðsins] ásamt þeim sem reglurnar varða. Einnig ber ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri [nafn lífeyrissjóðs] hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt.

BROT Á REGLUM

11. gr.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn [nafn lífeyrissjóðs] sem, eftir eðli brots, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

VIÐURLÖG

12. gr.

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi viðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfavíðskipti og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. 69. gr. laganna.

GILDISTAKA

13. gr.

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar [nafn lífeyrissjóðs] og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum.



AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðildarsjóðir	Hrein eign 31.12.2000 þús. króna	Hlutfall af heild í %
Lsj. verzlunarmanna	85.686.756	15,38%
Lsj. starfsmanna ríkisins	76.087.894	13,65%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	48.084.460	8,63%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	42.083.354	7,55%
Lífeyrissjóður sjómanna	41.161.796	7,39%
Lífeyrissjóður Norðurlands	25.896.500	4,65%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	19.242.729	3,45%
Lsj. bankamanna	17.598.639	3,16%
Lífeyrissjóðurinn Lífið	16.277.233	2,92%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	15.604.177	2,80%
Lífeyrissjóður Austurlands	13.854.583	2,49%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	12.238.128	2,20%
Lífeyrissjóður lækna	11.742.474	2,11%
Lífeyrissjóður bænda	11.518.068	2,07%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	11.013.506	1,98%
Lsj. verkfræðinga	10.643.355	1,91%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	10.045.949	1,80%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8.862.557	1,59%
ALVÍB, Almennur lífeyrissjóður VÍB	8.503.536	1,53%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	7.504.773	1,35%
Lífeyrissjóður Vesturlands	7.189.224	1,29%
Eftirlaunasjóður F.Í.A.	6.772.942	1,22%
Lsj. Eining	6.457.411	1,16%
E. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	6.070.779	1,09%
Lsj. Suðurlands	5.212.574	0,94%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	4.023.613	0,72%
Lífeyrissjóðurinn Hlíf*	3.214.728	0,58%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	3.006.691	0,54%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Ísl.	2.521.493	0,45%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	1.993.434	0,36%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1.977.471	0,35%
Lífeyrissjóður Rangæinga	1.875.175	0,34%
Lsj. starfsmanna sveitarfélaga	1.483.263	0,27%
Eftirlaunasj. slökkvili.m. á Keflav.flugv.	1.438.769	0,26%
Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.349.222	0,24%
Séreignalífeyrissjóðurinn	1.310.949	0,24%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfj.	1.251.770	0,22%
Lsj. Mjólkursamsölnunnar	1.185.732	0,21%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands, c/o Landsbréf	1.068.012	0,19%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	1.057.373	0,19%
Lsj. Akraneskaupstaðar	766.054	0,14%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	637.156	0,11%
E. starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	581.734	0,10%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	467.592	0,08%
Lsj. stm. Áburðarverksm. ríkisins	447.038	0,08%
Lsj. Neskaupstaðar	165.174	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	76.119	0,01%
Samtals í LL	557.251.959	100,00%

* Lífeyrissjóðurinn Hlíf sameinaðist Sameinaða lífeyrissjóðnum í ársbyrjun 2002.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
ÁRSREIKNINGUR 2001



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 21,6 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 28 þús. kr. Eigið fé í árslok nam 27,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 25,6 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2002.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Þórir Hermannsson

Haukur Hafsteinsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Arnar Sigurmundsson

Árni Guðmundsson

Friðbert Traustason

Margeir Daníelsson

Víglundur Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 9. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Lífeyrissjóða á árinu 2001, efnahag þeirra 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 19. mars 2002.

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2001

	Skýr.	2001	2000
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	3	21.565.562	21.303.733
Söluhagnaður		0	282.983
		<u>21.565.562</u>	<u>21.586.716</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	8	11.692.686	10.674.968
Annar rekstrarkostnaður	9	9.229.449	9.887.553
Afskriftir	4	1.055.486	625.961
		<u>21.977.621</u>	<u>21.188.482</u>
(Rekstrartap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(412.059)	398.234
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur		2.320.971	2.540.309
Arður		50.686	0
Vaxtagjöld		(89.131)	(41.114)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	(1.842.685)	(869.186)
		<u>439.841</u>	<u>1.630.009</u>
Hagnaður	6,7	<u><u>27.782</u></u>	<u><u>2.028.243</u></u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

	Skýr.	2001	2000
FASTAFJÁRMUNIR:			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Bifreið		2.039.394	2.427.308
Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður		1.319.955	917.237
	4	<u>3.359.349</u>	<u>3.344.545</u>
Áhættufjármunir:			
Hlutabréfaeign	5	<u>672.208</u>	<u>618.921</u>
		<u>4.031.557</u>	<u>3.963.466</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		134.529	644.660
Handbært fé		27.154.973	23.358.234
		<u>27.289.502</u>	<u>24.002.894</u>
Eignir samtals		<u><u>31.321.059</u></u>	<u><u>27.966.360</u></u>

31. DESEMBER 2001

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	2001	2000
EIGIÐ FÉ	6,7	<u>27.807.710</u>	<u>25.576.728</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>3.513.349</u>	<u>2.389.632</u>
	Skuldir samtals	<u>3.513.349</u>	<u>2.389.632</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>31.321.059</u></u>	<u><u>27.966.360</u></u>



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2001

	Skýr.	2001	2000
REKSTRARHREYFINGAR:			
Hagnaður ársins	6	27.782	2.028.243
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	1.055.486	625.961
Söluhagnaður		0	(282.983)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	1.842.685	869.186
		<u>2.925.953</u>	<u>3.240.407</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		510.131	181.738
Skammtímaskuldir, hækkun		1.123.717	8.041
		<u>1.633.848</u>	<u>189.779</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Handbært fé frá rekstri		<u>4.559.801</u>	<u>3.430.186</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(763.062)	(3.490.309)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	1.120.000
		<u>(763.062)</u>	<u>(2.370.309)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Hækkun á handbæru fé		3.796.739	1.059.877
Handbært fé í ársbyrjun		<u>23.358.234</u>	<u>22.298.357</u>
Handbært fé í árslok		<u>27.154.973</u>	<u>23.358.234</u>

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAÆFERÐIR

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga.
2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan ársins, sem var 8,6%.

Varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í félögum eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2001. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 1,8 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun eigna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 6.

3. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2000. Árgjöldin eru 0,070% af lágmarksíðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0033% af hreinni eign í árslok 2000.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

4. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Bifreið	Áhöld, inn- réttingar og tölvubúnaður	Samtals
Bókfært verð 1.1.2001	2.427.308	917.237	3.344.545
Viðbót á árinu	0	763.062	763.062
Endurmat á árinu	185.324	121.904	307.228
Afskrifað á árinu	(573.238)	(482.248)	(1.055.486)
Bókfært verð 31.12.2001	<u>2.039.394</u>	<u>1.319.955</u>	<u>3.359.349</u>
Afskriftahlutföll	20%	20-33%	

ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

5. Hlutabréfaeign er færð á framreiknuðu kostnaðarverði. Félagið á 11,3% hlutfjár í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.



SKÝRINGAR, FRH.:

EIGIÐ FÉ

6. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2001	22.481.343	3.095.385	25.576.728
Hagnaður ársins		27.782	27.782
Endurmatshækkun varanlegra rekstrarfjármuna		307.228	307.228
Endurmatshækkun hlutabréfaeignar		53.287	53.287
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		1.842.685	1.842.685
Endurmat stofnfjár	<u>1.935.554</u>	(1.935.554)	
Eigið fé 31.12.2001	<u>24.416.897</u>	<u>3.390.813</u>	<u>27.807.710</u>

7. Eigið fé samtakanna í ársbyrjun nam 25,6 millj. kr. sem jafngildir 27,8 millj. kr. í lok ársins miðað við 8,6% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 27,8 millj. kr. í árslok eða 29 þús. kr. hærra en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok 2001. Breytingin greinist þannig:

	Samkvæmt ársreikningi	Á verðlagi 31.12.2001
Eigið fé 1.1.2001	25.576.728	25.778.782
Hagnaður ársins	27.782	2.065.027
Endurmat eigna að viðbætttri verðbreytingarfærslu	<u>2.203.200</u>	
Eigið fé 31.12.2001	<u>27.807.710</u>	<u>27.807.710</u>

SUNDURLIÐANIR

8. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2001	2000
Laun	9.679.134	8.870.172
Tryggingagjald	568.323	523.754
Lífeyrisiðgjöld	1.255.061	1.118.753
Tryggingar starfsfólks	<u>190.168</u>	<u>162.289</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>11.692.686</u>	<u>10.674.968</u>

Á árinu starfaði einn starfsmaður hjá Landssamtökum lífeyrissjóða. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 9,7 millj. kr. á árinu.

SKÝRINGAR, FRH.:

9. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2001	2000
Húsaleiga	1.168.264	499.523
Annar húsnæðiskostnaður	292.086	177.111
Pappír, prentun, ritföng	857.891	830.456
Símakostnaður	274.752	143.783
Burðargjöld	86.218	88.845
Bækur, blöð og tímarit	106.495	190.364
Aðkeypt þjónusta	3.010.822	3.466.902
Rekstur bifreiðar	477.489	472.790
Ferðakostnaður	160.290	277.487
Fundir, ráðstefnur, námskeið	632.400	1.024.603
Fræðslumál	1.153.748	1.965.901
Auglýsingar	92.455	180.606
Félagsgjöld	618.765	363.043
Annar kostnaður	297.774	206.139
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>9.229.449</u>	<u>9.887.553</u>

